

Reykjavík, 2. desember 2021
SFS2021120053
221. fundur
HG/sp

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um að ný félagsmiðstöð við Dalskóla fái nafnið Fellið

Lagt er til að ný félagsmiðstöð við Dalskóla fái nafnið Fellið í samræmi við niðurstöður nafnasamkeppni sem efnt var til meðal nemenda í 5. – 10. bekk.

Greinargerð:

Þann 11. janúar 2021 var fyrsta opnun félagsmiðstöðvarinnar við Dalskóla, en þá tilheyrði hún félagsmiðstöðinni Fókus í Grafarholti og Úlfarsárdal. Félagsmiðstöðin er með aðstöðu í nýju húsnæði í Úlfarsárdalnum sem hýsir einnig Dalskóla, Dalslaug og Borgarbókasafnið í Úlfarsárdal. 1. desember 2021 varð breyting á og er félagsmiðstöðin við Dalskóla orðin sérstök félagsmiðstöð. Efnt var til nafnasamkeppni þar sem hægt var að koma með hugmynd að nafni á félagsmiðstöðina. Keppnin var auglýst fyrir 5.-10. bekk í Dalskóla og höfðu þau tvær vikur til að skila inn hugmyndum. Eftir það var farið í kosningar og voru fimm nöfn valin til þess að kjósa um. Í kjölfarið var gengið í ofangreinda bekk og allir fengu að kjósa. Nafnið sem var kosið var Fellið sem var hugmynd sem kom frá dreng í 5. bekk í Dalskóla. Nafnið Fellið má tengja við Úlfarsfellið sem er skemmtileg tenging þar sem börnin í hverfinu hafa oft gengið á Úlfarsfell og eiga þau núna skemmtilega göngu framundan í félagsmiðstöðinni Fellinu. Í félagsmiðstöðinni Fellinu starfa fjórir starfsmenn, forstöðumaður, aðstoðarforstöðumaður og tveir frístundaleiðbeinendur. Félagsmiðstöðin heyrir undir sameinaða frístundamiðstöð Ársels og Gufunesbæjar. Samkvæmt upplýsingum frá Samfés (Samtökum félagsmiðstöðva á Íslandi) ber ekki önnur félagsmiðstöð á landinu þetta nafn.